

Þriðjudaginn 19. febrúar 1991.

Nr. 463/1989. **Ragnar Guðmundsson**

gegn

Rósu E. Helgadóttur.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1989. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur frá 9. október 1989. Málið var þingfest í Hæstarétti 8. janúar 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til maí 1990. Málinu var síðan að hans ósk frestað til október, þá til desember 1990 og þá enn til reglulegs þingdags í febrúar 1991. Er málið kom fyrir 1. febrúar, óskaði áfrýjandi eftir fresti í tvo mánuði til að ljúka ágripsgerð í málinu.

Stefnda hefur mótmælt frestbeiðninni. Krefst hún þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Mótmæli sín styður stefnda þeim rökum, að hún hafi tvívegis veitt áfrýjanda lokafrest í málinu til gagnaöflunar. Þá er því haldið fram í greinargerð hennar, að ekki hafi verið beðið um dómsgerðir í málinu fyrr en seint á síðastliðnu hausti.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að dómsgerðir í málinu hafi ekki verið tilbúnar til afhendingar fyrr en 25. janúar 1991, og sé áfrýjanda því nauðsynlegt að fá frest til að ganga frá ágripsgerð í málinu.

Þann 1. febrúar 1991 voru liðnir rétt rúmir 14 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa málið til flutnings fyrir Hæstarétti. Með þetta í huga og þar sem áfrýjandi hefur ekki réttlætt þann drátt, sem orðið hefur á því að búa málið til flutnings, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.